

Sólsetur

— eftir Gísli Sigurbjörnsson

Fyrir nokkru skrifaði ég grein í Morgunblaðið um konu, sem kom of seint, sem leitaði of seint eftir öryggi, athvarfi í ellinni. Minnstist ég þá á hugmyndina um Sólsetursheimili, sem ég nú rita aftur um.

Greinin um konuna, sem kom of seint, vakti nokkra athygli, a.m.k. komu nokkrir og hringdu, og einu sinni var ég tekinn tali á götu úti vegna hennar, en venjulega kemur enginn, enginn hringir, ekkert gerist, alltaf þessi þögn.

Í þetta skipti held ég þó, að einhver árangur muni nást eftir allt saman. Það var rétt um Sólsetursheimili á fundi í Safnaðarheimili Langholtskirkju nýlega, að lokinni guðsþjónustu. En hvað eru Sólsetursheimili? Þeirri spurn-


ingu verður reynt að svara hér á eftir.

Ég tel, að vel athuguðu máli, að hér sé kominn grundvöllur til að reisa hjálparstarf fyrir aldraða og ellilúna á. Áhuga- og hugsjónafólk, sem ekki biður eftir því, að hið opinbera, ríki, bær eða borg, geri allt fyrir alla, tekur þá til sinna ráða. Reynslan hefur nefnilega sýnt, að það gerist seint og biðin eftir aðstoð verður oft of löng. Vissulega hefur margt og mikið verið gert af því opinbera — við erum velferðarríki, þar sem allir eiga að fá allt frá vöggju til grafar og helst fyrir ekki neitt, nema fyrir fé frá því opinbera. Þessu verður að sjálfsögðu haldið áfram, en með hverju árinu verður það fjárhagslega erfiðara fyrir þjóðina og þess vegna er það sannfæring mín, að samhjálp og sjálfshjálp eldra fólksins þurfi að koma til.

Sú stefna, sem nú ríkir og hefur gert í mörg ár, að eldra fólk eigi að vera þar, sem það er komið, en senda því aðstoð, mat og hjúkrunarhjálp er ágæt að vissu marki. En hvar eru mörkin? Um það er deilt og verður endalaust gert. Ég ætla mér ekki þá dul að reyna að rökraða eða benda á reynslu og árangur hérlandis og erlendis, það er alveg vonlaust, við verðum aldrei sammála, hvorki í því né öðru. Við erum deilugjörn þjóð, allir vita allt betur en hinir.

Þess vegna skrifa ég eingöngu um Sólsetursheimilin, sem eiga að vera sjálfseignarstofnanir, starfræktar af áhuga- og hugsjónafólki til hjálpar aldurnignu fólki, oft einstæðingum. Rauði þráðurinn í þessu starfi, á Sólsetursheimilinu, er samhjálp og sjálfshjálp. Ekki stórar stofnanir, heldur heimili, þar sem allir hjálpast að, þar er mikill munur á. Reynt er að fá hentugt húsnæði fyrir slíka starfsemi, það ætti að takast. En það verður að vanda til alls, vegna þess að hér erum við að tala um hinsta heimilið, sem helst ætti líka að vera það besta. Mér er kunnugt um, að unnið er að því hér í borg, og við hér á Grund munum hjálpa eftir bestu getu, vegna þess að ég tel að slík heimili, sjálfseignarstofnanir, muni breyta miklu í líknar- og mannúðarmálum.

Þessi grein birtist á sínum tíma í stærsta blaði landsins og er hún



Gísli Sigurbjörnsson

„Rauði þráðurinn í þessu starfi, á Sólsetursheimilinu, er samhjálp og sjálfshjálp. Ekki stórar stofnanir, heldur heimili, þar sem allir hjálpast að, þar er mikill munur á.“

ekki aðeins rituð fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið. Sólsetursheimili geta komist upp víðar en hér og munum við á Grund reyna að aðstoða við það.

„Þetta tekur langan tíma,“ segja ýmsir, en það þyrfti ekki að gera það, ef hann Jón eða þér, sem lesið þessa grein, eða þér frú Guðrún tækjuð hana til yðar. Líkklæðin

hafa enga vasa og húsin ykkar, íbúðirnar ykkar, gætu orðið Sólsetursheimili fyrir fólk, sem gleymist svo oft, en við öll stöndum í þakkarskuld við.

Öldruð hjón óskuðu eftir plássi á Grund, þau voru einsömum og voru orðin heilsutæp. Einkasonurinn, ellistyrkurinn þeirra, sjómaður, hafði druknað fyrir nokkrum árum, ókvæntur og barnlaus. Þau voru algjörir einstæðingar. Og hvað gat ég gert? Hvað gat ég sagt? Jú, þetta venjulega, því miður allt yfirfullt, hvergi pláss að fá.

Þetta er fljótlesíð, en það var erfitt að segja það. En það var þó hálfu verra að heyra konuna segja við manninn sinn: „Góði minn, við höfum margt gert rangt um ævina, okkur hefur orðið mörg skyssan á, en það versta er, að við höfum lifað of lengi. Nú er okkur ofaukið.“

Hvað gat ég gert? Orð gömlu konunnar voru ekki ásökunarorð, aðeins voðaleg staðreynd í okkar velferðarríki.

Pannig hafa árin óðfluga liðið. Ýmislegt er gert og af mörgum, en fleira er ógert. Ég sé ekki aðra leið úr þessum ógöngum en þá að reyna með öllum ráðum að vekja áhugafólk, hugsjónafólk, til að stofna og starfrækja sjálfseignarstofnanir — Sólsetursheimili.

Um þetta má endalaust skrifa, en fólk hefur svo lítinn tíma. En, ef einhver vill tala nánar um málið, þá tali hann við okkur í Elli-hjálpinni á Grund, síminn er 91-23620. Morgunblaðinu er ég afar þakklátur fyrir skilning og velvild.

Gísli Sigurbjörnsson er forstjóri Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Vefir Ásgerðar Búadóttur gefnir út í litskygggnubók

Listasafn ASÍ hefur gefið út litskygggnubók með verkum listakonunnar Ásgerðar Búadóttur. Þetta er fjórða litskygggnuróðin sem Listasafn ASÍ sendir frá sér. Fyrri raðirnar eru um Gísli Jónsson, íslenska vefjarlist 1950—1980 og Nínu Tryggvadóttur.

Í litskygggnuróðinni eru 36 verk, sem spanna rúman þrjátíu ára feril Ásgerðar sem veflistamanns. Ljósmyndir af verkunum tók Kristján Pétur Guðnason og eru þær fjölfaldaðar í Bretlandi.

Ásgerður er fædd í Borgarnesi árið 1920 og hóf nám í Handíða- og myndlistaskólanum árið 1942. Hún innritaðist í Konunglegu akademíuna í Kaupmannahöfn árið 1946. Árið 1956 var henni boðin þátttaka í Alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München og hlaut hún þar gullverðlaun sýningarinnar fyrir mynd sína „Stúlka með fugl“. Síðan hefur Ásgerður haldið einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér á landi og erlendis. Hún var kjörin Myndlistarmaður ársins 1982 af dómnefnd menningarverðlauna DV og einnig það ár var hún einn af fulltrúum Íslands á Íslands-



Ásgerður Búadóttir

kyrningunni í Bandaríkjunum, „Scandinavia Today“. Árið 1983 fékk Ásgerður starfslaun Reykjavíkurborgar og afrakstur þeirrar vinnu mátti sjá á sýningu hennar haustið 1984 á Kjarvalsstöðum.

Litskygggnur Listasafns ASÍ eru seldar í Listasafni ASÍ á sýningartímum.

Stutt svar til Bjarna Braga Jónssonar

— eftir Magna Guðmundsson

Bjarni Bragi Jónsson sendi mér kvæðu í Morgunblaðinu 8/3 í tilfni útvarpserindis míns 25/2. Bjarni setur sjálfan sig á háan hest og tekur mikið upp í sig, enda þótt hagfræðipækkingu hans sé augljóslega mjög ábótavant. Hroki og fávísi eiga gjarnan samleið. Efnislega er þessi grein Bjarna samfelldur þvættingur frá upphafi til enda, rangfærslur og misfærslur, sem eru ekki svara-verðar. Það verður þó að virða manninum til vorkunnar, að hann er að vinna fyrir kaup sínu. Hann

„Hið háa Alþingi verður að taka á sig rögg, draga lærdóm af reynslunni og stöðva verðbólgu-hrunadansinn.“


er launaður starfsmaður Seðlabankans og var nýlega dubbaður upp í stöðu „aðstoðarbankastjóra“. Ætla mætti, að þessi aðstoðarbankastjóri ætti þátt í mótun peningamálastefnu, enda reynir hann af sinni alkunnu drýldni að gefa slíkt í skyn. Því fer þó víðs fjarri. Stefnumáta móta yfirboðarar hans. Hann er aðeins lítið peð á þeirra taflborði.

Ég hef annað og meira við minn tíma að gera en að standa í orðaskaki við Bjarna Braga. Hins vegar skal ég sýna honum þá tilfritsemi að taka upp orðrétt þann kafla í grein hans, sem Morgunblaðið birtir með feitu letri og telur þar með kjarnann í málflutningi hans. Hygg ég, að Morgunblaðið hafi hitt naglann á höfuðið. Feitletraði kaflinn er svona:

„Ástæðan til þess, að menn leggja höfuðáherzlu á raunvexti fremur en nafnvexti er fyrst og fremst málefinslega til komin af þeirri ákvörðun íslensku þjóðarinnar, sem bundin er í lögum, að láta órétt verðbólguþróða á annan bóginn og eignaupptöku á hinn ekki viðgangast lengur, né heldur það sukk og þá spillingu sem því fylgir.“

Lesendur Morgunblaðsins geta reynt að melta þetta. Merkur maður hefir sagt: „Sá, sem skrifar óskýrt, hugsar óskýrt.“

Það er ríkjandi skoðun meðal yngri hagfræðinga í hinum vestræna heimi, að vaxtahækkarir fari beint út í verðlagið. Jafnvel



Dr. Magni Guðmundsson

steinrunnir fræðimenn af gamla skólanum eru óðum að átta sig á þessu. Ógerlegt er til nokkurrar lengdar að reka þjóðfélag með þeim okurvöxtum, sem beitt er hérlandis. Lánskjaravísitalan, eins og hún er uppbyggð, er aðal bóvaldurinn. Hún hækkar skuldir óðfluga í verðbólgu, en lækkar ekki skuldir í verðfalli. Þess vegna leiðir hún til hrauns. Meðan fjármagn er tengt vísitölu, en vinnulaun ekki, skapast óverjandi félagslegt misrétti. Mér hefir verið þakkað útvarpserindi mitt 25/2 af gáfuðu fólki úr öllum landsfjórðungum og úr öllum starfsstéttum. Hið háa Alþingi verður nú að taka á sig rögg, draga lærdóm af reynslunni og stöðva verðbólgu-hrunadansinn. Við höfum frá því að verðtrygging fjárskuldbindinga var almennt upp tekin 1982 og til þessa dags sokkið í skuldafen utanlands og búið við peningalega ringlureið innanlands. Hingað og ekki lengra, ef við ætlum að vera áfram efnahagslega sjálfstæð þjóð.

Dr. Magni Guðmundsson starfar við hagrannsóknir í forsætisráðuneytinu.

Fyrirliggjandi í birgðastöð RYÐFRÍAR STÁLPLÖTUR

Stálgæði: Remanit 4301 IIIC
Stálgæði: Remanit 4016

Plötupykkir: 0.8 – 3.0 mm
Plötustærðir: 1250 × 2500 mm

SINDRA STÁLHE

Borgartúni 31 sími 27222